

Snapi

Hestamannafélögin eru nú hvert af öðru að velja gæðinga til þátttöku í landsmóttinu, enda rennur frestur til að tilkynna mótstjórninni valið út 5. júní. Sum félaganna munu þó hafa fengið frest, þ.á.m. mörg félaganna á Norðurlandi. Önnur munu svo illa á vegi stödd með gæðinga sem uppfylla óskir mótstjórnar að ekki er búist við þátttöku þeirra. Við höfum haft spurnir af nokkrum félögum, sem hafa valið sína gæðinga, þau eru:

MANI

A-flokkur

1. Fífill, Steins Jónssonar, Garði. Einkunn: 8,20.
2. Orvar, Einarssonar, Keflavík. Einkunn: 7,83.

B-flokkur

1. Brúnn, Ingvars Hallgrímssonar, Keflavík. Einkunn: 7,97.
2. Bjarmi, Maju Loebell, Keflavík. Einkunn: 7,83.

FAXI

A-flokkur

1. Penni Reynis Aðalsteinssonar á Sigmundarstöðum, Einkunn: 8,43
2. Sikill Sigurborgar Jónsdóttur á Bárustöðum. Einkunn: 8,20.
3. Traustri Aðalsteins Reynissonar á Sigmundarstöðum. Einkunn 7,97.

B-flokkur

1. Lýsingur Hrefnu Halldórsdóttur, Bjarnastöðum. Einkunn 8,63.
2. Krummi Kolbrúnar Ragnarsdóttur, Oddstöðum. Einkunn: 8,53.
3. Tígull Leopolds Jóhannessonar í Hreðavatnsskála. Einkunn: 8,30.

SNÆFELLINGUR

A-flokkur

1. Glófaxi, eig.: Hansa Jónsdóttir, Stykkishólmi. Einkunn: 8,20.
2. Gustur, eig.: Högni Bæringsson, Stykkishólmi. Einkunn: 8,10.

B-flokkur

1. Gösl, eig.: Guðmundur Eidsón, Stykkishólmi. Einkunn: 8,48.
2. Blakkur, eig.: Ingvaldur Kristjánsson, Stykkishólmi. Einkunn: 8,26.

SLEIPNIR

A-flokkur

1. Hamrajarpur Þorvaldar Arnasonar, Eyrarbakka. Einkunn: 8,24.
2. Frami Skúla Steinssonar. Einkunn: 8,16.
3. Krummi Magnúsar Hákonarsonar, Selfossi. Einkunn: 8,16.

B-flokkur

1. Hrímnir Jóhanns B. Guðmundssonar, Selfossi. Einkunn: 8,32.
2. Steinunn Skúla Steinssonar. Einkunn: 8,28.
3. Erpur Skúla Steinssonar. Einkunn: 8,00.

DREYRI

A-flokkur

1. Aron Jóns Valdimarssonar, Akranesi. Einkunn 8,47.
2. Ljúfur Jóns S. Sigurðssonar. Skipanesi. Einkunn: 8,17.

B-flokkur

1. Gustur Jóns Guðmundssonar, Akranesi. Einkunn: 8,63.
2. Hrafn Jóns Arnasonar, Akranesi. Einkunn: 8,33.

Fir makeppni Dreyra var háð sunnudaginn 28. maí með þátttöku 126 fyrirtækja. Dreyramenn hafa þann hátt á að þegar keppni er lokið, draga þeir efstu keppendurnir út n.öfn þess fyrirtækis, sem þeir hafa keppt fyrir. Núna fékk Þvotta- og efnalaug Akranesi fyrsta sætið, fyrir hana keppti Jón Guðmundsson á

Bókin um Erró

Íslenzka útgáfan uppseld nú


— sú enska á boðstólnum

FI — Bók um listamanninn Erró kom út í gær, og hefur hún að geyma 59 litmyndir af verkum Errós auk texta þeirra Matthíasar Johannessen og Braga Asgeirssonar. Frumkvöðull að gerð þessarar listaverkabókar er Iceland Review og var í fyrstu áætlað að gefa bókina aðeins út á ensku. Þegar séð var hins vegar hversu viðamikil sýning Errós yrði á Listahátíð, þótti rétt að gefa bókina einnig út á Íslenzku, og keypti Bókaklúbbur Almenna bókafélagsins þann útgáfurétt. Íslenzku eintökin, 4500 að tölu, hafa nú þegar selzt upp, en eru ókomin til landsins, og segir það nokkuð um vinsældir bókarinnar. Enska útgáfan verður fáanleg hér í verzlunum og á sýningu Errós, og kostar hver bók 5.940 krónur.

Erró var mættur á blaðamannafundi í gær ásamt helztu aðstandendum bókarinnar og kvaðst hann sérstaklega ánægður með hönnun og prentun listaverkabókarinnar, en um hönnunina sá Edda Sigurðardóttir hjá Auglýsingastofnunni h/f, og prentun fór fram hjá Grafica Gutenberg í Bergamó á Ítalíu. Fylgdist Erró náð með vinnslunni í prentsmiðjunni og sá um að litir allir væru í lagi og vand-

aðir. Litmyndirnar valdi Erró sjálfur og spanna þær tæplega tuttugu ára tímabil eða frá 1959 og til dagsins í dag.

Þetta mun vera þriðja bókin um Erró. Hinar tvær voru gefnar út á Ítalíu og í Frakklandi. Stærst er Ítalska bókin, en þessi



nýja frá Iceland Review hefur að geyma flestar litmyndir og þykir mjög vonduð..



Bókin um Erró kynnt. Listamaðurinn situr fyrir miðju og við hlið hans Bragi Asgeirsson og Edda Sigurðardóttir. Hinir eru t.f.v. Haraldur J. Hamar ritstjóri Iceland Review, Brynjólfur Bjarnason frkvstj. Almenna bókafélagsins, Matthías Johannessen ritstjóri og Gísli B. Björnsson á Auglýsingastofnunni hf. Ljósmynd Timinn Tryggvi.

Gusti. Annað sætið hlaut Verzlunin Drangey, keppandi var Guðmundur Bjarnason á Grána og í þriðja sæti varð Hjólbarðavíðgerðin h.f., fyrir hana keppti Jón Ingi Baldursson á stóðhesti sínum Hrafnkeli 858.

HÖRÐUR

Hörður sendir engan gæðing til keppni í A-flokki á landsmóttinu, en í B-flokki keppa:

1. Seifur Sigurveigar Stefánsdóttur, Mosfellssveit.
2. Loftur Kristjáns Þorgeirssonar, Mosfellssveit.

Í firmakeppni Harðar voru 60 þátttakendur og þeirra hlutskarpastur varð Morgunblaðið, sem Kolfinna Elíasar Kristjánssonar keppti fyrir, knapi var Aðalsteinn Aðalsteinsson. Í öðru sæti varð Bifreiðaverkstæði og varahlutaverzlun, Hamratúni 1, keppandi Seifur Sigurveigar Stefánsdóttur. Þriðja sætið fékk Fuglabúið Móum, fyrir það keppti Vopni Lárusar Sveinssonar, knapi Páll Kristjánsson. Nýlökib er námskeiði í reiðlist, fyrir fullorðna á vegum Harðar. Kennari var Eyjólfur Ísólfsón og nemendur voru rúmlega 30. Unglinganámskeið er um það bil að hefjast.

Morris Redman


Morris Redman Spivack, hinn kunnir ameríski listamaður og Íslandsvinur, heldur málverka-sýningu að Ránargötu 12, í Gistiheimilinu Víkingi, dagana 3.-17. júní n.k. Sýnir hann þar 25 listaverk í sínum eigin stíl, sem hann kallar „The cubism of ideas“. Öll málverkin hefur hann gert, þegar hann dvaldist hérlendis nú í vetur og vor.

Sýningin stendur frá kl. 4-6 e.h. alla daga. Meðfylgjandi mynd er sjálfsmýnd af listamanninum.

Timinn er peningar Auglýsid í Tímanum

Við breytum til bragðsins vegna

Þess vegna er jógúrtin nú bæði þykkari og ávaxtaríkari en áður. Taktu jógúrt til bragðs, breytingin er vel þess virði.



Nýjung: Enn ein breyting fyrir bragðið. Nú býðst kaffijógúrt, og ekki seinna vænna, því hún hefur lengi verið ein vinsælasta jógúrttegundin í Evrópu.

Mjólkursamsalan í Reykjavík